

Nd.

192. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar vill fallast á frv. þetta með þeirri breytingu, að ábyrgð landssjóðs verði einungis veitt hjerlendum bönkum. Þetta þarf þó ekki

beinlínis að þýða það, að þessir bankar veiti lánið til skipakaupanna af sínu eigin veitufje, heldur gætu lánin t. d. verið veitt erlendis gegn tryggingum frá bönkunum hjer, en ríkissjóður ábyrgist svo gagnvart þeim. Telur nefndin að mikil trygging fyrir ríkissjóð felist í því, að hinir hjerlendu bankar fái, ef til kemur, alla þá aðstöðu gagnvart fyrirtækjunum, sem lánveitendur hafa er svo stendur á. Sveinn Ólafsson er frv. mótfallinn. Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svöfeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Á eftir orðunum »að ábyrgjast« komi: í hjerlendum bönkum.

Alþingi, 21. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form. og frsm.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson,
með fyrirvara.

Aug. Flygenring. Halldór Stefánsson. Jakob Möller. Jón A. Jónsson.